

Fimmtudaginn 8. júní 1989.

Nr. 116/1989. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn

Jóhannesi Karlssyni

(Örn Clausen hrl.).

Ávana- og fíkniefni. Upptaka.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Benedikt Blöndal og Haraldur Henrysson.

Héraðsdómi var að ósk ákærða skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 29. mars 1989. Jafnframt var dóminum, að því er varðar ákærða, áfrýjað af hálfu ákærvaldsins til sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar á refsingu, en staðfestingar að því er varðar upptöku. Meðákærði í héraði óskaði ekki áfrýjunar.

Ákærði hefur sætt gæsluvarðhaldi allt frá 17. febrúar sl.

Staðfesta ber héraðsdóm, þó þannig að til frádráttar fangelsisrefsingu komi gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 17. febrúar 1989.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað svo sem í dómsorði segir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur, þó þannig að til frádráttar fangelsisrefsingu komi gæsluvarðhaldsvist ákærða, Jóhannesar Karlssonar, frá 17. febrúar 1989.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málsóknarlaun í ríkissjóð, 40.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausens hæstaréttarlögmanns, 40.000,00 krónur.

Dómur sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 27. febrúar 1989.

Ár 1989, mánudaginn 27. febrúar, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum að Hverfisgötu 115, Reykjavík, af Ásgeiri Friðjónssyni og þá upp kveðinn dómur í sakadómsmáli nr. 707-708: Ákærvaldið gegn Jóhannesi Karlssyni og X.

Mál þetta, sem munnlega var varið og dómtekið fyrr í dag, er höfðað af ríkissaksóknara með ákæruskjali, dags. 24. febrúar 1989, á hendur Jóhannesi Karlssyni, Mímisvegi 2A, Reykjavík, kt. 250261-2769, og X, til heimilis í New York,... „fyrir að hafa í ágóðaskyni staðið saman að innflutningi á um 56 g af kókaíni hingað til lands frá New York 8. febr. 1989. Ákærði X lagði fé til kaupa á efninu í New York og ákærði Jóhannes flutti það hingað til lands og seldi af því í Reykjavík: Magnúsi Brynjólfi Magnússyni, kt. 260545-2569, samtals 5-6 g á kr. 6.500 hvert gramm, Ólafi Aðalsteini Hannessyni, kt. 280559-4669, 1 g á kr. 10.000 og ónefndum manni um 5 g fyrir kr. 32.500, en hluta efnisins drýgði ákærði Jóhannes með sykri. Ákærði X hafði 49,2 g efnisins í vörslum sínum 16. febrúar að þáverandi dvalarstað sínum að Lokastíg 24 A í Reykjavík, er lögreglan gerði þar húsleit. Við handtöku ákærða Jóhannesar sama dag og við húsleit daginn eftir að þáverandi dvalarstað hans að Bergstaðastræti 27 í borginni var lagt hald á samtals 5,8 g efnisins.“

Ofangreind ætluð háttsemi er í ákæruskjalinu talin varða við 2. gr., sbr. 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75/1982, sbr. lög nr. 13/1985 og 2. gr., sbr. 10. gr., reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna, nr. 16/1986, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 177/1986, sbr. auglýsingu nr. 314/1981.

Kröfur ákæruvalds eru að ákærðu verði dæmdir til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til að sæta upptöku samkvæmt 5. og 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 16/1986, á 55 g af kókaíni, sem lagt var hald á, og 28.800,00 krónum, sem þykir hafa verið aflað með framangreindri fíkniefnasölu og lagt var hald á í vörslum ákærða X, og enn fremur á tveimur ávísunum, annarri að fjárhæð 27.000,00 kr., dagsettri 13. febr. 1989, út gefinni af Magnúsi Brynjólfi Magnússyni, og hinni að fjárhæð 10.000,00 krónur, dagsettri 15. febrúar 1989, út gefinni af Ólafi Aðalsteini Hannessyni, en ávísanirnar voru báðar greiðslur í framangreindum fíkniefnaviðskiptum.

Ákærði, Jóhannes Karlsson, er, sem að ofan greinir, sakhæfur, og hefur sakavottorði samkvæmt sætt eftirfarandi kærur og refsingum, svo að kunnugt sé:

1983 27/7 í Reykjavík. Sátt: 4.000 kr. sekt fyrir brot gegn 25. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi í 2 mán. frá 15. 6.1983.

1983 28/7 í Reykjavík. Sátt: 500 kr. sekt fyrir brot gegn 14. gr. umfl.

1983 28/12 í Reykjavík. Sátt: 1.000 kr. sekt fyrir brot gegn 248. gr. hgl.

1986 15/1 í Reykjavík. Dómur: 30.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2., sbr. 3. mgr. 25. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 6.11. 1985.

1986 19/11 í Reykjavík. Sátt: 16.000 kr. sekt fyrir brot gegn 27. gr. umfl.

1987 8/1 í Reykjavík. Sátt: 7.000 kr. sekt fyrir brot gegn 257. gr. hgl.

— — —

Málsatvik.

Að kveldi 15. þessa mánaðar kom hér fyrir dóm Sturla Þórðarson, deildarlögfræðingur við embætti lögreglustjórans í Reykjavík.

Nefndur lögfræðingur staðfesti að lögreglan hefði undanfarna sólarhringa gefið nánar gætur Magnúsi Brynjólfi Magnússyni, f. 20.5. 1945, vegna rökstuddra grunsemda um að hann hefði undir höndum eða aðgang að verulegu magni af kókaíni, sem smyglað hefði verið hingað til lands frá Bandaríkjunum stuttu fyrr.

Deildarlögfræðingurinn ofangreindur kvað og upplýst að 10. þ.m. hefði komið hingað til lands flugleiðis frá Bandaríkjunum Jóhannes Karlsson, hér á eftir jafnan nefndur ákærði, og sömu leið tveim dögum síðar X, hér á eftir jafnan nefndur meðákærði. Þættu allar athuganir lögreglu eindregið benda til, að síðastnefndir aðilar, annar eða báðir, hefðu með sér smyglað verulegu magni af kókaíni hingað til lands. Ákærði dveldist að Bergstaðastræti 27 hér í borg, en ráðgerði að halda aftur til Bandaríkjanna, nánar til tekið New York, innan fárra daga, og hefði þá lokið ætlaðri kókaínsölu hérlandis.

Kvað nefndur lögfræðingur lögreglu vita dvalarstaði allra þriggja ofangreindra aðila og fylgjast náið með innbyrðist samskiptum þeirra, sem með vissu væru talin varða ofangreind ætluð kókaínviðskipti, en einnig, að staða rannsóknar væri þá í svip á þann veg, að á hverri stundu kynni að draga til handtöku allra ofangreindra aðila.

Taldi nefndur lögfræðingur því brýnt rannsóknar vegna, að með dómsúrskurði yrði heimiluð leit að fíkniefnum og sönnunargögnum hugsanlega tengdum þeim í vistarverum ákærða að Bergstaðastræti 27 hér í borg.

Hann staðfesti og að hafa í öðru þinghaldi rétt áður lagt fram sams konar kröfu um leitarheimild að Öldugranda 13 hér í borg hjá fyrrgreindum Magnúsi Brynjólfi og í herbergi 7 á gistiheimilinu Svaninum að Lokastíg 24 A hér í borg á dvalarstað meðákærða.

Ofangreindar húsleitir allar voru heimilaðar með tveimur dómsúrskurðum, upp kveðnum skömmu fyrir miðnætti fyrrgreind kvöld.

Degi síðar, eða 16. þ.m., um kl. 18.50 handtók lögregla ákærða og meðákærða í bifreiðinni R44807 í Vonarstræti við Suðurgötu hér í borg.

Nefndir aðilar veittu mótspyrnu við handtökuna og meðákærði kastaði frá sér tveim lyklum, er reyndust að ofangreindu herbergi í gistiheimili.

Meðákærði reyndist við athugun á lögreglustöð við Hverfisgötu vera með tvö peningaveski og í þeim eftirfarandi:

1) íslenskar krónur	A: 20.000	(4x5.000)
	B: 7.000	(7x1.000)
	C: 2.000	(4x500)

2) bandarískir doll.	A:	1.500	(15x100)
	B:	140	(7x20)
	C:	3	(3x1)
3) ensk pund	A:	120	(6x20)
	B:	70	(7x10)
	C:	5	(1x5)
4) þýsk mörk	A:	200	(2x100)
	B:	50	(1x50)

Þetta fé fannst í innanklæðaveski, er meðákærði þar við beltisstað, en að auki í seðlaveski íslenskar kr. 1.800,00.

Var þá gerð húsleit að Lokastíg 24 A hér í borg, nánar þar í herbergi nr. 7, samkvæmt ofangreindum dómsúrskurði.

Í ferðatösku á gólfi herbergis og nánar þar í leðurskóm í pappakassa fundust fjögur stór bréfaumslög með hvítu dufti, sem vegið var af lögreglu og auðkennt efnaskrá nr. 2268.

Samtals reyndist duft þetta 49,2 g að þyngd og skipting svo eftir umslögum:

A: 20,2 g, B: 19,5 g, C: 4,8 g, D: 4,7 g.

Allar fjórar efniseiningarnar gáfu við litarprófun hjá lögreglu jákvæða svörun sem kókaín.

Við komu ákærða á lögreglustöð eftir áður nefnda handtöku fannst í buxnavasa hans bréfaumslag með hvítu dufti, 0,2 g að þyngd, og var auðkennt efnaskrá nr. 2269. Við litarprófun hjá lögreglu gaf þetta duft jákvæða svörun sem kókaín.

Var þá samkvæmt fyrrgreindum dómsúrskurði gerð húsleit að Bergstaðastræti 27 hér í borg á dvalarstað ákærða. Fannst þar eftirfarandi:

A: Plastpoki með hvítu dufti, falinn uppi á bita fyrir ofan stiga.

B: Umslag með hvítu dufti í jakkavasa í eldhúsi.

C: Umslag með hvítu dufti í jakkavasa í fatahengi við inngang í nefnda íbúð.

Innihald plastpokans var vegið af lögreglu og reyndist 5,0 g, en auðkennt sem efnaskrá 2270. Duft úr jakkavösum fyrrgreindum reyndist við sams konar vigtun 0,4 g úr öðrum, en 0,2 g úr hinum, og auðkennt sem efnaskrá nr. 2271.

Sýni þriggja fyrrgreindra efniseininga reyndust öll við litarprófun lögreglu svara jákvætt sem kókaín.

Lítilræði af dufti, töldu í lið A, á efnaskrá nr. 2268, var af lögreglu sent í nánari efnagreiningu til Rannsóknarstofu í lyfjafræði, Háskóla Íslands.

Lokaniðurstaða fyrrgreindrar stofnunar barst með bréfi, dags. 27.2.1989, er segir:

„Ávana- og fíknilyf og efni. Matsgerð nr. 1007. Beiðni lögreglustjórans í Reykjavík, sem dagsett er 17.2.1989, sbr. hjálagað ljósrit (ref. 89025). Sýni E-2268-A: Sýnið var hvítt duft og vó 0,14 g. Með tiltækum rannsóknaraðferðum mátti staðfesta að kókaín væri í sýninu í formi klóríðs svo og sakkarósi. Magn kókaínklóríðs var 40%, en það svarar til 36% af kókaín-basa. Sýnið var þannig kókaín samkvæmt framansögðu.

F.h. Rannsóknastofu í lyfjafræði.

Þorkell Jóhannesson (sign.).“

Meðákærði bar í fyrstu lögreglufirgryrslu 16. þ.m. af sér fíkniefnabrot eða vitneskju um slíkt hýrlendis.

Hann kvaðst hafa komið hingað til lands flugleiðis frá New York sunnudaginn 12. þ.m. að heimsækja vin sinn ákærða, sem hér væri í stuttri heim-sókn, en þeir félagar byggju í sömu íbúð í New York.

Deigi síðar var af hálfu lögreglufirvalda í Reykjavík lögð fram hér fyrir dómi krafa um gæsluvarðhald á hendur meðákærða.

Í því sambandi var meðákærði nefndan dag yfirgryrður fyrir dómi og kvaðst þá vilja lýsa réttilega tengslum sínum við þau kókaínefni, er í hans vörslum fundust við handtöku gegnum áður.

Meðákærði kvaðst undanfarna tvo mánuði hafa búið í sama húsi og ákærði í New York. Hafi sá síðarnefndi þar ytra 2-3 vikum fyrr lýst þeim ráðagerðum að kaupa kókaín og smygla hingað til lands og í því sambandi falast af meðákærða eftir 3.000 US\$ láni, en boðið á móti fulla endurgreiðslu fjárhæðarinnar og helming væntanlegs söluhagnaðar af efnum að auki og gert ráð fyrir að fá fyrir nefnt lán tvær únsur, um 56 g, af kókaíni.

Meðákærði kvaðst hafa gengið að þessu boði og komið hingað til lands á þeim tíma, er að ofan greinir, í því skyni að gæta fyrrnefndra peningahagsmuna sinna.

Meðákærði kvað ákærða hins vegar hafa komið hingað nokkrum dögum fyrr og haft þá með sér fyrrnefnt kókaín.

Meðákærði kvaðst við ofanskráða handtöku hafa verið búinn að taka við frá ákærða 35-40 þús. ísl. kr. sem fyrstu endurgreiðslu, en ekki vita, að hve miklu leyti það fé væri fyrir kókaínsölu.

Meðákærði kvaðst ekki hafa séð fyrrnefnt kókaín hýrlendis utan lítil-ræði, um 1 g, í fórum ákærða, fyrr en fáum klst. fyrir handtöku, að ákærði fékk meðákærða til geymslu það kókaín, er lögregla lagði hald á stuttu síðar að Lokastíg 24.

Meðákærði kvaðst og hafa verið búinn að ákveða að halda aftur til New York 18. þ.m., hvernig sem fyrrgreind fjármál þá stæðu eða endurgreiðslur frá ákærða.

Meðákærði var 17. þ.m. úrskurðaður í gæsluvarðhald allt að hádegi 28. þ.m.

Hann skýrði nánar frá ofangreindu í lögregluþingmálum 20. þ.m.

Meðákærði lýsti þá á sama veg og fyrr er rakið aðdraganda að kókaínkaupum ákærða í New York, svo og efnismagni, en kvað sitt fjárframlag hafa verið 3.200 US\$.

Meðákærði kvað ákærða hafa ráðgert að leyna efnunum í endaparmi, en taldi sig ekki vita hvort sú varð reyndin. Meðákærði kvaðst ekki hafa ætlað að skipta sér frekar af þessu og því orðið eftir í New York við brottför ákærða. Hins vegar hefði hann tveimur dögum síðar hringt hingað til lands í hinn síðarnefnda og boðað komu sína, þar eð hann treysti ekki ákærða í fyrrgreindum fjármálum.

Kvaðst meðákærði við áðurnefnda hingaðkomu hafa leigt sér herbergi í gistiheimili við Lokastíg og dvalist þar hverja nótt utan eina að Bergstaðastræti 27 á heimili systur ákærða, þar sem hinn síðarnefndi hafði jafnframt aðsetur.

Meðákærði kvað ákærða lengi hafa leitað fyrir sér um sölu kókaínsins, en ekki vita hvað tafði söluna.

Meðákærði lýsti þá á sama hátt og fyrr greinir móttöku efna til geymslu frá ákærða, hins vegar skýrt stuttu síðar fyrir kærða að meðákærði hefði aldrei ætlað að koma nærri kókaíninu og yrði ákærði því að finna þessum efnum annan geymslustað.

Taldi meðákærði það hafa tekist og hann ásamt ákærða við margnefnda handtöku á leið að nálgast kókaínið á fyrrnefndu gistiheimili og flytja á annan geymslustað.

Meðákærði lagði áherslu á í þessari lögregluþingmálum, að erindi sitt hingað til lands hefði verið það að endurheimta ofangreint fjárframlag, enda óttast að tapa ella þessu fé.

Meðákærði kvað hugsanlegan hagnaðarhlut sinn ekki hafa skipt máli á þessu stigi og ráðgert að síðar yrði útkljáð hans og ákærða í milli.

Þá endurtók meðákærði að fastákveðin hefði verið för sín til New York 18. þ.m.

Í lögregluþingmálum 22. þ.m. kvaðst meðákærði við hingaðkomu hafa verið með 1.643 US\$ og 1.000,00 kr. ísl.

Strax á eftir og án orða hafi ákærði afhent meðákærða 250 þýsk mörk, 195 bresk pund og 29.800 ísl. kr.

Kvaðst meðákærði hafa litið svo á að ákærði væri þarna að inna af hendi fyrstu greiðslu upp í áðurnefnt 3.200 US\$ framlag meðákærða.

Ákærði var fyrst yfirheyrður hjá lögreglu um hádegi 17. þ.m. Hann kvaðst búsettur í New York og hafa dvalist þar nær samfelld eitt og hálft

ár, vera trésmiður að mennt og starfa við iðn sína þar ytra, þó ekki hafa þar atvinnuleyfi, en ferðamannaáritun til tíu ára.

Ákærði kvaðst hafa komið hingað til lands þriðjudaginn 7. þ.m. fyrst og fremst í þeim tilgangi að smygla hingað kókaíni og selja í ágóðaskyni. Kvaðst ákærði í því sambandi stuttu áður hafa fengið lánaða hjá meðákærða 3.200 US\$ og fyrir 2.800 US\$ þar af keypt í New York af sér ókunnum aðila samtals um 50 g af kókaíni.

Hann kvað meðákærða hafa vitað um þessi kaup og reyndar gefið sér í skyn, að ákærði mundi kaupa 70 g af slíkum efnum. Ákærði kvaðst og hafa sýnt meðákærða efnin í New York skömmu fyrir för ákærða þaðan flugleiðis hingað til lands og á þeirri leið leynt efnum í nærbuxum.

Ákærði kvaðst eftir hingaðkomu hafa dvalist að Bergstaðastræti 27 á heimili systur ákærða og sambýlismanns hennar og falið efnin þar, nánar til tekið í skáp fyrir óhrein föt og þar í skóm.

Ákærði kvaðst um sölu efna hafa snúið sér að tveimur mönnum, en ekki vita nöfn á. Annar hafi 12. þ.m. keypt 1 g af hreinu efni og greitt með 10.000,00 kr. ávísun, sem ákærði kvaðst eiga í farangri sínum. Hinn hafi um svipað leyti keypt 5 g og greitt með samtals 32.500,00 íslenskum krónum.

Ákærði kvaðst og hafa komist í samband við Magnús Brynjólf Magnússon, Öldugranda 13, og hinn siðarnefndi lýst áhuga að kaupa talsvert magn af kókaíninu. Taldi ákærði sig hafa selt nefndum Magnúsi 5-6 g af kókaíninu, en áður blandað þar við flórsykri til drýginda og Magnús fyrrnefndur greitt við móttöku kr. 18.000,00, en skuldi afgang. Ákærði kvaðst hafa afheitt þetta áðurnefnda efnismagn í þrennu lagi, þar af tvívegis að Bergstaðastræti 27, en einu sinni á heimili nefnds Magnúsar.

Ákærði kvað systur sína áðurnefnda hafa ætlað að aðstoða við að útvega nýjan geymslustað fyrir kókaínið og samið þar um við vinkonu um geymslu efnanna í nokkrar klst.

Kvaðst ákærði 16. þ.m. snemma dags hafa flutt efnin af áðurnefndum felustað að Bergstaðastræti 27 til meðákærða í fyrrnefnt gistiheimili, en ætlun ákærða að flytja efnin enn skömmu síðar til áðurnefndrar vinkonu systur ákærða.

Ákærði taldi sig ekki í þessari yfirheyrslu vita hve mikið fé hann hefði greitt meðákærða eftir komu hingað til lands.

Sama dag, eða 17. þ.m., var hér fyrir dómi af hálfu lögregluýfirvalda í Reykjavík gerð krafa um gæsluvarðhald ákærða í þágu rannsóknarhagsmuna. Ákærði var í því sambandi yfirheyrður fyrir dómi og staðfesti þá ofangreint í öllum atriðum.

Var ákærði í framhaldi þar af úrskurðaður í gæsluvarðhald allt að hádegi 28. þ.m. Lýsti hann þá á sama veg og að ofan er rakið og í lögregluýfir-

heyrslu 22. þ.m. komu sinni hingað til lands, efnismagni og peningaframlagi meðákærða ytra, en kvaðst þó hafa varið þar af til eigin nota 400 US\$, en afgangi til kókaínkaupanna.

Ákærði kvaðst hafa sett efnin í þrjá smokka og þannig leynt í endaparmi á leið hingað til lands.

Þá lýsti ákærði sem áður felustað efnanna að Bergstaðastræti 27, sömu leiðis að meðákærði hefði síðar afráðið að koma einnig hingað til lands og gert svo 12. þ.m. í því skyni að tryggja endurgreiðslu fjárframlags síns og dvalist á gistiheimilinu Svaninum við Lokastíg.

Ákærði lýsti í hvívetna á sama veg og áður sölu á 1 g af kókaíni gegn 10.000,00 kr. ávísun og 5 g af sama efni gegn 32.500,00 kr. staðgreiðslu og taldi báðar sölurnar hafa orðið helgina 12.-13. þ.m. í bifreið við veitingastað að Laugavegi 22 hér í borg, einnig sem fyrr sölu á 5-6 g af kókaíni til Magnúsar Brynjólfs Magnússonar gegn 18.000,00 kr. greiðslu, en bætti nú við að Magnús þessi hefði jafnframt gefið út 27.000,00 kr. ávísun fyrir eftirstöðvum kaupverðs. Kvaðst ákærði við handtöku hafa verið búinn að afhenda meðákærða samtals um 40.000,00 kr. af þessu fé upp í ofangreinda skuld, en ætlun ákærða að endurgreiða þetta að fullu þegar allt kókaínið hefði verið selt. Þá lýsti ákærði á sama veg og áður flutningi kókaíns frá Bergstaðastræti 27 í gistiheimili við Lokastíg og ráðagerðum að færa efnin þaðan skömmu síðar til áðurnefndrar vinkonu systur ákærða. Kvað ákærði nafn þessarar vinkonu vera Guðnýju og hana búa að Snorrabraut 42, Reykjavík.

Í yfirheyrslu hjá lögreglu 23. þ.m. taldi ákærði endurgreiðslur til meðákærða sem fyrr hafa numið um 40.000,00 kr., en þar af jafnvirði um 500 US\$ í erlendum gjaldmiðli. Að ábendingu ákærða fann lögregla að Bergstaðastræti 27 fyrrgreinda 10.000,00 kr. ávísun, sem reyndist á reikning nr. 35210 í Verslunarbanka Íslands, dags. 15.2. 1989 og út gefin af Ólafi A. Hannessyni. Hinn síðastnefndi, f. 28.5.1959, var handtekinn 21. þ.m. og yfirheyrður af lögreglu. Kannaðist hann við að hafa 7-10 dögum fyrr verið í veitingahúsi við Laugaveg 22 hér í borg og til sín komið maður og boðið til sölu kókaín. Kvað nefndur Ólafur þetta hafa leitt til að hann keypti af fyrrnefndum manni og í bifreið þarna fyrir utan 1 g af þessu kókaíni og greiddi fyrir með fyrrnefndri ávísun, sem þó hafi verið gefin út einhverja daga fram í tímann.

Hinn 17. þ.m. og að undangengnum dómsúrskurði gerði lögregla fikni-efnaleit að Öldugranda 13 hér í borg hjá fyrrgreindum Magnúsi Brynjólfi Magnússyni. Fannst þar reykþípa og grammavog, hvort tveggja með ætluðum kannabisleifum, en að auki pappasogrör og tvö lítil rakblöð, allt með hvítum efnisleifum. Yfirheyrður af lögreglu í framhaldi þar af kannaðist Magnús þessi við að þekkja ákærða, einnig að hafa næstu daga á undan

og í þremur afhendingum þegið af ákærða að gjöf 4-5 g af kókaíni, þar af tvívegis að Bergstaðastræti 27 og í eitt skipti að Öldugranda 13.

Nefndur Magnús Brynjólfur var á ný yfirheyrður um ofangreint 22. þ.m. Kvaðst hann þá 10. þ.m. hafa keypt af ákærða um 4 g af kókaíni og sjálfur notað. Fyrir þetta hefði hann greitt kr. 10.000,00, en að auki gefið út ávisun til tryggingar greiðslu eftirstöðva, að upphæð 27.000,00 kr., á reikning nr. 8501 í Sparisjóði vélstjóra.

Ákærði og Magnús Brynjólfur voru samprófaðir hjá lögreglu 22. þ.m.

Hélt þar hvor fast við fyrri framburð sinn svo að ekki náðist samræmi um efnismagn né upphæð peningagreiðslu.

Hinn 16. þ.m. var yfirheyrð af lögreglu Anna María Karlsdóttir, f. 2.5.1962, systir ákærða. Kvað hún ákærða hafa komið flugleiðis frá New York hingað til lands 8. þ.m. án þess að boða áður komu sína og dvalist frá þeim tíma á heimili nefndrar Önnu að Bergstaðastræti 27 hér í borg. Einnig hafi komið hingað til lands 12. þ.m. meðákærði og kunningi ákærða, en hinn fyrrnefndi dvalist á hóteli.

Í annarri lögreglu yfirheyrslu síðar sama dag kvaðst fyrrnefnd Anna María áður hafa undan dregið í framburði. Kvaðst hún fljótlega eftir komu ákærða hafa áttað sig á að hann notaði fíkniefni, þótt ekki væri rætt né hún séð slíkt í förum ákærða.

Nefnd Anna María kvað hins vegar ákærða hafa tjáð sér fyrr, hinn 16. þ.m., að hann ásamt meðákærða hefði geymt fíkniefni í gistihúsi þar sem hinn síðarnefndi dvaldist, en að meðákærði þyrði ekki að geyma efnin þar. Kvaðst Anna María hafa hafnað beiðni ákærða um að taka við slíkum efnum til geymslu, en haft samband við vinkonu sína, Guðnýju Halldórsdóttur, Snorrabraut 42, og fyrir henni skýrt ofangreint. Kvað hún nefnda Guðnýju hafa samþykkt að geyma slíkan pakka í nokkrar klst. þar til ákærði eða meðákærði vitjaði hans.

Sama dag, 16. þ.m., var yfirheyrð af lögreglu sem vitni áðurnefnd Guðný Halldórsdóttir, f. 29.1.1960. Hún kannaðist við það erindi Önnu Maríu Karlsdóttur að hafa fyrr um kvöldið beðið sig að geyma fyrir ákærða pakka, sem hinn síðarnefndi vildi ekki hafa heima við. Hafi Anna María talið líklegt, að pakkans yrði vitjað síðar sama kvöld, annaðhvort af ákærða eða meðákærða, er nefnd Anna María hafi nafngreint.

Guðný Halldórsdóttir kvað sér eftir á hafa þótt þessi beiðni undarleg, en síðar grunsamleg og án árangurs reynt að ná sambandi við Önnu Maríu. Næst hafi lögreglu borið að og óskað skýringa á að miði með nafni og heimilisfangi Guðnýjar Halldórsdóttur hafi skömmu áður fundist í förum útlendings og meðákærða.

Hinn 17. þ.m. var yfirheyrður af lögreglu Gunnar Smári Egilsson, f. 11.1.1961, sambýlismaður áðurnefndrar Önnu Maríu. Hann kannaðist við

að ákærði hefði komið hingað til lands frá New York 8. þ.m. og eftir það dvalist á heimili áðurgreindra að Bergstaðastræti 27.

Kvað Gunnar Smári sig hafa grunað, að ákærði notaði fíkniefni, eftir útliti hans að dæma, enda stuttu fyrr fundið umbúðir með hvítu dufti í jakkavasa í fatahengi á heimili sínu, en ekki kannast við og talið ákærða eiga. Ekki kvaðst Gunnar Smári hafa rætt þetta við ákærða né Önnu Mariu, heldur látið efnin aftur á sama stað og lögregla þar fundið við húsleit 17. þ.m., stuttu fyrir ofangreinda yfirheyrslu.

— — —

Niðurstöður.

Með vísan til alls framanritaðs þykja í máli þessu liggja fyrir skýlaugar játningar beggja ákærðu um alla þá háttsemi, sem þeim er gefin að sök í ákæruskjali.

Teljast þær játningar hafa nægilegan stuðning í fundi og töku fjármuna og kókaínefna og niðurstöðu efnagreiningar auk fyrrgreinds framburðar Ólafs A. Hannessonar og Magnúsar Brynjólfs Magnússonar. Varlegra þykir þó að leggja til grundvallar, að hinn síðarnefndi hafi einvörðungu keypt 4 g af kókaíni af ákærða Jóhannesi. Samkvæmt því og öðru framanskráðu verður talið nægilega sannað, að ákærðu hafi í ágóðaskyni staðið saman að innflutningi á um 56 g af kókaíni hingað til lands frá New York 8. febrúar 1989. Ákærði X lagði fé til kaupa á efninu í New York og ákærði Jóhannes flutti það hingað til lands og seldi af því í Reykjavík: Magnúsi Brynjólfi Magnússyni, kt. 260545-2569, samtals 4 g á kr. 6.500,00 hvert gramm, Ólafi Aðalsteini Hannessyni, kt. 280559-4669, 1 g á kr. 10.000,00 og ónefndum manni um 5 g fyrir kr. 32.500,00, en hluta efnisins drýgði ákærði Jóhannes með sykri. Ákærði X hafði 49,2 g efnisins í vörslum sínum 16. febrúar sl. að þáverandi dvalarstað sínum að Lokastíg 24 A í Reykjavík, er lögreglan gerði þar húsleit. Við handtöku ákærða Jóhannesar sama dag og við húsleit daginn eftir að þáverandi dvalarstað hans að Bergstaðastræti 27 hér í borginni var lagt hald á samtals 5,8 g efnisins.

Nefnd háttsemi beggja ákærðu þykir í ákæruskjali réttilega heimfærð til refsíákvæða og því varða við 2. gr., sbr. 5. gr., laga um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75/1982, sbr. lög nr. 13/1985, og 2. gr., sbr. 10. gr., reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna, nr. 16/1986, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 177/1986, sbr. auglýsingu nr. 314/1981.

Ákærðu hafa samkvæmt því báðir unnið til refsingar.

Við refsímat verður ákærði Jóhannes talinn frumkvöðull að alvarlegu broti, er varðar eina skaðvænlegustu tegund fíkniefna, þótt reynst hafi að þessu sinni blönduð að hluta með sykri. Að því og öðru fyrrgreindu athug-

uðu og virtu þykir refsing ákærða Jóhannesar hæfilega ákveðin fangelsi 2 ár, en að auki 65.000,00 kr. í fésekt til ríkissjóðs, þar eð ákærði lét af hendi fíkniefni gegn féggjaldi og hafði hagnað af, sbr. 2. mgr. 49. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 101/1976 og 50. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. og 7. gr. laga nr. 42/1985. Verði sektin ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa að telja, komi með vísan til 2. mgr. 54. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, í hennar stað fangelsi í 30 daga.

Samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga verður gæsluvarðhaldsvist ákærða Jóhannesar í samtals 12 daga dregin með fullri dagatölu frá áður-nefndri fangelsisrefsingu.

Refsing ákærða X þykir með vísan til alls þess sem áður er rakið, hæfilega ákveðin fangelsi í 14 mánuði, en þar frá skal draga með fullri dagatölu 12 daga gæsluvarðhaldsvist ákærða, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga.

Samkvæmt því og með vísan til 141. gr. laga nr. 74/1974 ber að dæma ákærðu in solidum til að greiða allan kostnað sakarinnar utan ákærði Jóhannes einn kr. 45.000,00 í réttargæslu- og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Þórðar Þórðarsonar hdl., og ákærði X einn kr. 45.000,00 í réttargæslu- og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Ólafs Garðarssonar hdl., að viðbættu tíðkanlegu 12% sölugjaldi við hvora síðasttalinna upphæða.

Þá ber, sem í ákæruskjali er krafist og með vísan til 5. og 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 16/1986 að gera upptæk til eyðingar þau 55 g af kókaíni, sem lögregla fann og lagði hald á samkvæmt ofanskráðu 16. þ.m. Er þar nánar um að ræða:

1) 49,2 g að Lokastíg 24 A 16.2.1989.

2) 0,2 g í fötum ákærða Jóhannesar 16.2.1989.

Sbr. efnaskrá nr. 2268 varðandi lið 1, en efnaskrá nr. 2269 varðandi lið 2.

3) 5,0 g að Bergstaðastræti 27 16.2.1989. Sbr. efnaskrá nr. 2270.

4) 0,4 g og 0,2 g að Bergstaðastræti 27 16.2.1989. Sbr. efnaskrá nr. 2271.

Einnig með vísan til fyrrgreindra lagaákvæða og reglugerðar skal upptækt til ríkissjóðs:

1) Kr. 28.000,00 úr vörslum ákærða X.

2) Ávísun nr. 3048062, að fjárhæð 27.000,00 kr., dags. 13.2.1989 á reikning nr. 8501 í Sparisjóði vélstjóra, úr vörslum ákærða Jóhannesar.

3) Ávísun nr. 1314379, að fjárhæð 10.000,00 kr., dags. 15.2.1989 á reikning nr. 35210 í Mosfellsútibúi Verslunarbanka Íslands.

D ó m s o r ð:

Ákærði Jóhannes Karlsson, f. 25.2.1961, sæti fangelsi í tvö ár að frá dregnu 12 daga gæsluvarðhaldi, en greiði að auki kr. 65.000,00 í fésekt til ríkissjóðs. Verði sektin ekki greidd innan fjögurra vikna

frá birtingu dóms þessa að telja, sæti ákærði í hennar stað fangelsi 30 daga.

Ákærði X sæti fangelsi 14 mánuði að frá dregnu 12 daga gæsluvarðhaldi.

Ákærðu greiði in solidum allan kostnað sakarinnar, utan ákærði Jóhannes einn kr. 45.000,00 í réttargæslu- og málsvarnarlaun til Þórðar Þórðarsonar hdl. og ákærði X einn kr. 45.000,00 í réttargæslu- og málsvarnarlaun til Ólafs Garðarssonar hdl., að viðbættu tíðkanlegu 12% sölugjaldi á hvora upphæð.

Upptæk til eyðingar skulu 55 g af kókaíni.

Einnig skal upptækt til ríkissjóðs:

- 1) Kr. 28.000,00 úr vörslum ákærða X.
- 2) Ávísun nr. 3048062, að upphæð kr. 27.000,00, dags. 13.2.1989, á reikning nr. 8501 í Sparisjóði vélstjóra, úr vörslum ákærða Jóhannesar.
- 3) Ávísun nr. 1314379, að fjárhæð 10.000,00 kr., dags. 15.2. 1989 á reikning nr. 35210 í Mosfellsútibúi Verslunarbanka Íslands, úr vörslum ákærða Jóhannesar.